

REGLUGERÐ

um breytingu (3) á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Aftan við 12. mgr. 114. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, um kennslu-greinar, prófgráður og námseiningar í félagsvísindadeild, koma tvær nýjar málsgreinar svo-hljóðandi:

M.Ed. nám í uppeldis- og menntunarfræði er 45 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Námið samanstendur af 30 einingum í námskeiðum og 15 eininga lokaritgerð.

Dipl.Ed. nám er 15 eininga sjálfstætt nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskóla-prófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistarafrófsnám í uppeldis- og menntunarfræði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 21. febrúar 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.